LISTASAFN REYKJAVÍKUR
KJARVALSSTAÐIR



# Arne Jacobsen

## Hönnun í hundrað ár
## Century of Design

14.09.–17.11.2002



# Arne Jacobsen

Arne Jacobsen er ekki aðeins meðal hæfileikaríkustu arkitekta 20. aldar, heldur einn sá afkastamesti, verk hans eru nær 350 talsins. Sem einn af frumkvöðlum norrænu stefnunnar ásamt góðum vinum sínum, Alvar Aalto, G.E. Asplund og Jörn Utzon, hefur hann með framlagi sínu til hönnunar og byggingalistar haft afgerandi áhrif á nútímamenningu. Þótt hann sé á alþjóðavettvangi ekki hvað síst þekktur fyrir húsgögn sín og iðnhönnun, þá teiknaði hann frábærar og fjölbreyttar byggingar, ráðhús, íbúðarhús, skóla, leikhús og hótel í anda módernismans. Fjölbreytni listar hans var mikil, rétt eins og ferill hans sem spannar hálfa öld. Ýmis persónueinkenni í verkum hans eiga uppruna sinn í samblandi af fágun og formfestu, í næmri tilfinningu fyrir hráefninu, sem nálgast samt aldrei tilfinningasemi, og í hæfileikanum til að beita efni, formi og litatónum með fullkominni hagnýtri og fagurfræðilegri stjórn á hverju smáatriði. Loks tekst honum að gæða hönnun sína heimsborgaralegum brag án þess að missa tengslin við ákveðið þjóðlegt útlit.

Eins og mörgum öðrum Norðurlandabúum tekst Arne Jacobsen að sameina tilfinninguna fyrir einfaldleika, sem fylgir hversdaglegum hlutum alþýðumenningar, þeirri rúmfræðilegu nákvæmni sem er takmark nútímalegrar hönnunar. Í hönnun sinni sameinar hann formræna fágun, sparlega efnisnotkun og léttleika eins og vel kemur fram í snilldarlegri hönnun hans á stigunum í ráðhúsi Rødovre og í Danmarks Nationalbank, sem báðir eru dæmi um hreina loftfimleika í því þyngdarleysi sem einkennir nútímahönnun. Ofurgrannur stálramminn um stóla hans sem stafla má saman, Maurinn og Sjöuna, gerir hámarkskröfur til eiginleika málmsins. Búklaga útlínur og samfellt form stólsetu og baks er afrek í hönnun og tækni. Lítt áberandi þægindi fjaðrandi baks leggja frekari áherslu á kæruleysislegan stuðning stálrammans við lagskipta setuna og stólbakið. Á svipaðan hátt koma hægindastólar Arne Jacobsen, Svanurinn og Eggið, ímyndunaraflinu á hreyfingu, sérstakar útlínur sameina bak, setu og arma í einni flæðandi línu. Dæmi um byltingarkennda einföldun í línum og formum má sjá í hönnunargripum á borð við Vola-blöndunartækin, AJ-hnífapörin og Cylinder-línuna

*Arne Jacobsen was not only one of the most talented Danish architects of the 20th century. With 350 works to his name, he was also one of the most productive. Along with his friends and colleagues Alvar Aalto, G.E. Asplund and Jørn Utzon, he became one of the laeding figures of a Scandinavian movement that had an unequivocal impact on contemporary design and architecture. Best known intenationally for his furniture and industrial design, he created – within the idiom of the so-called functional tradition, the white Modernism of the 1920s´ as well as the International Style – outstanding buildings designed for a wide variety of functions ranging from town halls housing and schools to theatres and hotels. He had an amazing breadth of scope and a productive period lasting more than half a century. Nonetheless, it is possible to pinpoint distinctive values in his work that derive from a unipue combination of elegant, yet robust design, a highly sensitive choice of materials that ever lapses into sentimentalism, and an ability to manage every detail of texture, structure and colour in pursuit of the ultimate in aesthetic and functional control. Last but not least, his works represent a triumph of cosmopolitan vitality that does not completely overshadow their quintessential local identity.*

*Like many other Scandinavians, Arne Jacobsen coupled a flair for the simplicity of anonymous everyday articles in popular culture with the geometric precision that is the goal of modern design. His works unite formal elegance, economic use of materials and lightness, as typified by his superlative designs for the staircase at Rødovre Town Hall and Danmarks Nationalbank, both examples of trapeze artistry and modern Weightlessness. The ultra-slim steel frame of his stackable chairs, "The Ant" and the "7" series for example, poses the ultimate demand on the properties of the metal construction. The torso-shaped outline and the continuity of chair seat and back are a triumph of design and technique, while the steel frame nonchalantly supports the laminated chair shells in a way underscored by the discreet comfort of the flexible chair back. Similarly, Arne Jacobsen´s easy chairs The Swan and the Egg fuel our imaginations while their distinct profile inegrates back, seat and armrest in one fluid movement.*

sem öll sýna áhuga hans á að tengja eiginleika staðlaðrar iðnaðarvöru við einstæða gripi munaðarvöru fyrri tíma. Í mörgum hönnunargripum tekst Arne Jacobsen að gera að veruleika það sem framúrstefnumenn dreymdi um í upphafi 20. aldar: að iðnaðarvara nyti sömu virðingar og handunnir hlutir. Húsgögn hans og hlutir eru jafnframt algild í þeim skilningi að þau njóta sín jafn vel inni á heimilum, á hótelum og í skrifstofuhúsnæði.

Samvinna Fritz Hansen og Arne Jacobsen hófst 1934. En það var 3107 línan, sem byrjaði með Maurnum árið 1952, sem gerði Arne Jacobsen og Fritz Hansen heimsþekkta. Eitt af einkennum Arne Jacobsen var að hann hannaði húsgögn sín fyrir ákveðnar byggingar. Maurinn hannaði hann fyrir fyrstu byggingar Nordisk Novo, Eggið og Svaninn fyrir Royal Hotel, Oxford-stólinn fyrir St. Catherine´s College og 3003 sófaseríuna fyrir SAS flugvöllinn.

Árið 1935 vígði insúlínframleiðandinn Novo Terapeutisk Laboratorium fyrstu verksmiðjubyggingu sína í Frederiksberg í Kaupmannahöfn. Var hún byggð eftir teikningu Arne Jacobsen sem var um árabil arkitekt Novo. Árið 1952 teiknaði hann Maurinn fyrir matsal Novo, var hann þá framleiddur í 200 eintökum. Hann varð síðar einn af mest notuðu stólum í nútímabyggingum um allan heim ásamt arftaka sínum, Sjöunni. Árið 1989 sameinaðist Novo öðrum stórum insúlínframleiðanda, Nordisk Insulinlaboratorium. Nýja fyrirtækið, Novo Nordisk A/S, er leiðandi í meðferð sykursýki og líftæknifræði í heiminum í dag. Og Maurinn hefur til þessa selst í 6 milljónum eintaka um allan heim.
Árið 1964 hóf Stelton samstarf við Arne Jacobsen og árið 1967 markaðssetti fyrirtækið Cylinder-línuna, vörulínu úr ryðfríu stáli. Í tilefni aldarafmælis Jacobsen kemur Stelton aftur fram með hitakönnu og tesíu Jacobsen og eykur þannig úrvalið innan þessarar sívinsælu línu stálborðbúnaðar.
Samvinna Jacobsen og Vola (þá I.P. Lunds Eftf. A/S) leiddi af sér hin heimsþekktu Vola blöndunartæki frá 1969. Tækin vöktu ekki aðeins athygli vegna þess að þau voru innbyggð í vegginn heldur einnig vegna þess að þau byggðu á einingum sem gerði það mögulegt að ná fram fagurfræðilegri heild með mörgum ólíkum samsetningum.

Ljós Arne Jacobsen eru mestmegnis - eins og húsgögn hans - hugsuð sem hluti af heild og hönnuð með ákveðnar byggingar í huga. Arne Jacobsen notaði AJ-hengilampann frá 1960 í raðhúsainnréttingu á Interbau-sýningunni í



*Jacobsen´s design icons and revolutionary creations include examples of geometric simplicity such as the Vola tap unit, AJ cutlery and Cylinda Line, all of which reveal his urge to combine the qualities of standard industrial products with the self-awareness of the exclusive luxury articles of by-gone eras.*

*Several of Jacobsen´s design pieces exemplify the prestige and exquisite craftsmanship that the avant-garde movement dreamt of achieving in the early 20th century. His furniture and other works are also universal in that they naturally complement a variety of settings – private homes, hotels and office environments alike.*
*Fritz Hansen and Arne Jacobsen commenced their partnership in 1934. But, beginning with The Ant in 1952, it was the 3107 series that put Arne Jacobsen and Fritz Hansen on the world map. Arne Jacobsen usually designed the furniture for his buildings. The Ant for the first Novo Nordisk buildings, The Egg and The Swan for the Royal Hotel, The Oxford Chair for St Catherine´s College, the 3300 sofa series for the SAS terminal.*

*In 1935 the insulin company Novo Terapeutisk Laboratorium inaugurated its first factory in Frederiksberg near Copenhagen. Arne Jacobsen designed the building and was Novo´s house architect for many years. Jacobsen designed The Ant for Novo´s canteen, for which 200 chairs were manufactured. Together with its successor, the "Series 7", The Ant has gone on to become the chair of choice for countless modern buildings all over the world. Novo merged in 1989 with another major Danish insulin company Nordisk Insulin Laboratorium. Today, the new company Novo Nordisk A/S, is one of the world´s leading companies in diabetes treatment and biotechnology. And What of The Ant Chair?*





Berlin. Munkegårds-loftlampinn, sem virðist næstum svifa í lausu lofti var hannaður fyrir danskan skóla. Í dag eru lampar Arne Jacobsen taldir sígildir og notaðir jafnt í opinberum byggingum sem í heimahúsum.

Í dag framleiðir Georg Jensen silfursmiðjan fjölda gripa sem Arne Jacobsen hannaði fyrir SAS Royal Hotel. AJ-hnífapörin sem einkennast af hreinum og einföldum línum vöktu athygli á sjötta áratugnum og eru álitin marka þáttaskil í hönnun hnífapara.

Royal Hotel frá 1960 er meðal helstu verka Arne Jacobsen og jafnframt mikilvægt verk innan dansks módernisma. Um víða veröld er það þekkt sem hótelið þar sem arkitektinn hannaði hvert einasta smáatriði, frá sjálfri byggingunni allt til húsgagna og hurðarhúna. Húsgögnin sem Jacobsen hannaði fyrir hótelið eru þar að auki orðin heimsþekkt og sígild.

Carsten Thau og Kjeld Vindum

*To date, over 6 million of them have been sold the world over*

*In 1964 Stelton began collaborating with Arne Jacobsen, and in 1967 introduced the Cylinda Line, a range of stainless-steel products. To commemorate Jacobsen´s 100th birthday, Stelton is relaunching Jacobsen´s hot water jug and tea sieve, thus expanding this ever-popular range of steel tableware.*
*Jacobsen´s collaboration with Vola (Then I.P. Lunds Eftf. A/S) resulted in the worldclass Vola Series of fittings from 1969. The fittings were sensational not only because they were built into the wall, but also because they comprised part of a modular system, making it possible to attain an aesthetic whole from any number of combination*

*The esteemed company Louis Poulsen Lighting A/S has produced most of Arne Jacobsen´s lamps. The AJ Royal pendant, AJ wall lamps and the AJ table and floor lamps date from 1960. Arne Jacobsen designed the elegant ceiling lamp, also produced at Louis Poulsen Lighting A/S, for the Munkegaard School in Søborg outside Copenhagen. AJ Discus was created for the Rødovre Town Hall in 1959.*

*Like his furniture, most of Arne Jacobsen´s lighting solutions were intended as elements of large entities and designed for specific buildings. Arne Jacobsen used the AJ pendant from 1960 in the row houses for the Interbau exhibition in Berlin. The Munkegaard ceiling light, which almost seems to hover in the air, was designed for a Danish school. Today, Arne Jacobsen fixtures are acknowledged classics and found in both home and office environments.*

*Today, Georg Jensen produces several of the designs that Arne Jacobsen developed for the SAS Royal Hotel. The characteristically clear and simple lines of the AJ stainless steel cutlery attracted attention in the 1950s´ and the series was seen as a milestone in cutlery design.*

*The Royal Hotel from 1960 is one of Arne Jacobsen´s major works, as well as a major work of Danish modernism. The Royal Hotel is known the world over as the hotel whose every detail the architect designed, from the building itself down to the door handles and furniture. What is more, the furniture Jacobsen designed for the hotel´s inteior grew into internationally acclaimed classics.*

*Carsten Thau og Kjeld Vindum*





**Arne Jacobsen**, arkitekt og iðnhönnuður, fæddur í Kaupmannahöfn 1902. Nam byggingarlist við Konunglegu dönsku listaakademíuna, útskrifaðist 1927 og varð síðar prófessor við akademíuna (1956-65). Stofnaði sína eigin stofu 1929. Þekktur um allan heim fyrir byggingar sínar og hönnun. Lést í mars árið 1971

***Arne Jacobsen****, architect and designer, born in 1902 in Copenhagen. Educated at the Royal Danish Academy of Fine Arts, School of Architecture, professor at the Academy (1956-65). Founded his own office in 1929. World-famous for his designs and architecture. Died in March 1971*

## *Inngangur*

Arne Jacobsen er eitt af stóru nöfnunum í sögu hönnunar og byggingarlistar 20. aldar, enda eru verk hans vel þekkt um allan heim. Hér á landi hefur hönnun þessa merka frumkvöðuls verið mjög vinsæl til fjölda ára og fjöldi landsmanna væntanlega notið húsgagna hans og nytjahluta á heimilum sínum eða á vinnustöðum, oft án þess að gera sér grein fyrir höfundi hönnunarinnar.

Á þessu ári er aldarafmælis Arne Jacobsens minnst víða um heim með myndarlegum hætti með sýningum á verkum hans. Það er mikið ánægjuefni fyrir Listasafn Reykjavíkur að geta boðið upp á sýningu helgaða starfi þessa mikilhæfa listamanns, sem hafði afgerandi áhrif á alþjóðlega þróun hönnunar og byggingarlistar á 20. öld.

Á sýningunni getur að líta dæmi um nokkur þekktustu hönnunarverk Arne Jacobsen, sem og aðra hluti frá hans hendi, sem eiga ekki síður skilið að njóta athygli þeirra sem hafa áhuga á góðri hönnun. Sýningin hefur verið undirbúin í góðri samvinnu við sendiráð Danmerkur á Íslandi og Epal h.f., jafnframt því sem fjölmargir aðrir aðilar hafa stutt framtakið með ýmsum hætti.

Áhugi á góðri hönnun hefur vaxið jafnt og þétt hér á landi undanfarin ár, og er það vel. Kynning á hönnun í hæsta gæðaflokki getur einungis orðið til þess að auka þann áhuga enn frekar, og er sýningin hér á Kjarvalsstöðum vel til þess fallin að endurnýja kynni sín við fjölbreytt, framúrskarandi og tímalaus verk Arne Jacobsen.

Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður.

## *Introduction*

*Arne Jacobsen is one of the big names in the history of design and architecture of the 20th century, and his works are well known all over the world. The designs of this remarkable pioneer have been popular in Iceland for many years, and a large number of the people have enjoyed his furniture and utensils in their homes or at work, often without realizing who the designer was.*

*This year the centennial of Arne Jacobsen is being celebrated throughout the world with great exhibitions of his works. It is a great pleasure for the Reykjavík Art Museum to be able to host an exhibition dedicated to the work of this great artist, who was one of the great influences on international developments in the fields of design and architecture in the 20th century.*

*The exhibition contains examples of a few of Jacobsen's best known designs as well as other items that also fully deserve the attentions of those interested in good design. The exhibition has been prepared in good cooperation with the Danish Embassy in Iceland and Epal Inc.; many others have supported the project in different ways.*

*The interest in good design has been growing steadily in Iceland in the past few years. An exhibition of quality design of this order can only serve to increase this interest even further, and the exhibition in Kjarvalsstaðir offers an excellent opportunity to renew our knowledge of the diverse, outstanding and timeless works of Arne Jacobsen.*

*Eiríkur Þorláksson, Director.*

## Kjarvalsstaðir

**Flókagata – 105 Reykjavík**

Sími / *Tel:* (354) 552-6131 Fax: (354) 562-6191
Opið dagl. / *open daily* 10-17, miðv.d. / *Wednesdays* 10-18
Leiðsögn sunnudaga kl. 15.00 / *Guided tours Sunday 15.00*

**Myndir úr Kjarvalssafni / *Works from the Kjarval Collection***
**Fastasýning / *Permanent exhibition***

**Úti er ekki inni, inni er ekki úti / *Drinnen ist anders als draussen.***
**Líkön og ljósmyndir eftir þrjá arkitekta / *Models and photographs by three architects* 31. ágúst – 17. nóv.**

**Arne Jacobsen – hönnun í hundrað ár / *- Century of Design* 14. sept. – 17. nóv.**

**Martin Bigum, danskur listmálari af yngri kynslóðinni / *a young Danish painter* 30. nóv. – 5. jan.**

## Hafnarhús

**Tryggvagata 17 – 101 Reykjavík**

Sími / *Tel:* (354) 590-1200 Fax: (354) 590-1201
Opið dagl. / *open daily* 11-18, fimmtud. / *Thursd.* 11-19
Leiðsögn sunnudaga kl. 16.00 / *Guided tours Sunday 16.00*

**Erró og listasagan / *Erró and history of Art***
**Fastasýning / *Permanent exhibition***

**MHR-30 Afmælissýning Myndhöggvarafélagsins í Reykjavík /**
***Anniversary exhibition of the Association of Reykjavík Sculptors***
**17. ágúst - 6. okt.**

**Carnegie Art Award 2002 - Opnunarsýning / *Opening exhibition***
**18. okt. - 10. nóv.**

**Milli goðsagnar og veruleika, nútímalist frá arabaheiminum /**
***Between Legend and Reality, Modern Art from the Arab World* 23. nóv. – 19. jan. 2003**

## Ásmundarsafn / Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum

**Sigtúni – 105 Reykjavík**

Sími / *Tel:* (354) 553-2155 Fax: (354) 562-6191
opið dagl. maí-sept. / *open daily May-Sept.* 10-16 / okt.-apríl / *Oct.-April* 13-16

**Listin meðal fólksins / *Art in Public***
**Höggmyndir Ásmundar Sveinssonar / *Sculptures by Ásmundur Sveinsson***

**Aðgangseyrir / Admission**

| | |
|---|---|
| Fullorðnir / *Adults* | 500 |
| Eldri borgarar / *Senior citizens* | 250 |
| Öryrkjar / *Visitors w.disabilities* | 250 |
| Hópar (fleiri en 10) / *Groups (10 or more)* | 250 |
| Yngri en 18 ára / *Under 18* | ókeypis / *free* |
| Mánudaga / *Mondays* | ókeypis / *free* |

**ATH! Aðgöngumiðinn gildir samdægurs öll hús safnsins.**
***NB! The admission ticket is valid on the same day for all three houses.***

**Sýningin er samvinnuverkefni Listasafns Reykjavíkur, Danska sendiráðsins á Íslandi og Epal.**

Íslandssími C
epal
SAMSKIP